

Nd.

543. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur haldið nokkra fundi um málið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn mun leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að stytta tímann, sem skatturinn er innheimtur, um eitt ár. Minni hlutinn leggur hins vegar til, að frumvarpið verði fellt.

Í sambandi við umferðarbreytinguna 1968 voru bifreiðaeigendur látnir borga sérstakan skatt til að standa undir þeim kostnaði, sem af breytingunni leiddi. Skyldi þessi skattur vera greiddur á árunum 1967—1970.

Í upphafi var gert ráð fyrir, að umferðarbreytingin mundi kosta um 50 milljónir króna, en að sögn þeirra, sem framkvæmdina höfðu undir höndum, hefur kostnaðurinn reynzt um 71 milljón. Þó er við þá tölu að athuga, að ýmis kostnaður mun ekki vera þarna meðtalinn, sem er þó bein afleiðing af sjálfri umferðarbreytingunni, en hefur verið færður á ýmsa aðra liði og aðila, t. d. á vegagerðina, sveitarfélög o. s. frv.

Þegar þessi hægri skattur var lagður á bifreiðaeigendur, var gert ráð fyrir, að hann mundi nema á þessum 4 árum 56 millj. kr. Nú er hins vegar sagt, að hann muni ekki ná þeirri upphæð, þar sem ekki hafi verið tekið tillit til endurgreiðslu skattsins vegna innilegu skráningarmarkja. Ekkert liggur þó fyrir um það, hvaða áhrif það muni hafa á hina upphaflegu áætlun til lækkunar, en hins vegar gott dæmi um, hvað nákvæmar og raunhæfar ýmsar áætlanir hafa verið á síðustu árum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að framkvæmdanefnd hægri umferðar hafi verið heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingastarfsemi, og að þessi sérstaka skattheimta hafi staðið undir þeim kostnaði. Það kemur einnig fram í greinargerðinni, að í ráði sé að auka til muna þessa starfsemi, setja á fót sérstaka stofnun til þessara hluta, og á næstu þremur árum er ætlunin að innheimta 17 millj. kr. fram yfir það, sem umferðarbreytingin kostaði, til að standa undir þessari nýju stofnun. Við teljum, að það sé full þörf á því að auka umferðarfræðslu í landinu, en hins vegar sé engin þörf að setja á fót nýja stofnun til að sjá um það. Það liggur í hlutarins eðli, að skólarnir sjái um þessa fræðslu í vaxandi mæli og hins vegar löggæzlan, eins og verið hefur. Ný stofnun, sem ætti að vera þriðji aðili til að sjá um þessa fræðslu og safna saman skýrslum, sem lögreglan þó gerir hvort sem er, mun ekki gera nein stórvirki í þessu efni, og er því ekki rétt að skattleggja bifreiðaeigendur sérstaklega til að standa undir slíkri starfsemi. Verði þetta frumvarp samþykkt, er um leið felld niður greiðsluskylda ríkissjóðs, sem leiðir af kostnaði við umferðarfræðslu. Bifreiðaeigendur eiga einir að standa undir þessum kostnaði.

Þótt meiri hluti nefndarinnar leggi til að stytta skattheimtutímann um eitt ár frá því, sem er í frumvarpinu, breytir það ekki því, að með því að samþykkja frumvarpið er verið að taka upp þá stefnu að skattleggja afmargaðan hóp þjóðfélagsþegna til að standa undir einum þætti fræðslunnar í landinu. Á að stefna að slíku? Reynslan hefur sýnt, að þeir skattar, sem á annað borð eru upp teknir, eru sjaldnast niður felldir. Það þykir stundum ekki henta að ákveða slíka skattheimtu til langs tíma í einu, en sjaldnast stendur á að framlengja skattana, þegar lagaheimild til innheimtu þeirra er að falla úr gildi.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Stefán Valgeirsson,
frsm.

Gísli Guðmundsson.